



Reykjavík, 23. janúar 2020

R20010258

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Tryggvagata - gatnamót Grófarinnar að Pósthússtræti og lóðar Tollhússins - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. janúar 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 15. janúar 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna svæðis sem nær eftir Tryggvagötu frá gatnamótum Grófarinnar í vestri að Pósthússtræti í austri og lóðar Tollhússins, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipulagsbreyting Tryggvagötu frá Steinbryggju og að Grófinni er forsenda fyrir breytingum sem miða að því að gera götuna fallelgrí og mannvænni. Breytingin felur meðal annars í sér að fallett og nokkuð stórt torg verður til við suðurhlíð Tollhússins undir hinu magnaða mósaíkverki Gerðar Helgadóttur. Svæðið er bæði sólríkt og skjólsælt og gæti orðið segull fyrir mannlíf. Breytingin felur einnig í sér að trjám verður komið fyrir í götunni og aðkoma fyrir gangandi vegfarendur að Listasafni Reykjavíkur verður bætt. Þessar breytingar eru sannkallað fagnaðarefni og bendum við jafnframt á að stór bílakjallari er á svæðinu við hliðina.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Með því að auglýsa tillöguna gefst hagsmunaaðilum tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Enn á ný er ráðist að fjölskyldubílnum með því að fækka bílastæðum í miðbæ

Reykjavíkur. Afleggja á í þessu verkefni um 50 bílastæði. Verið er að breyta Tryggvagötu frá Lækjargötu að Gróf í einstefnugötu. Tollstjóraembættið var sameinað ríkisskattstjóra fyrir skömmu og meirihlutanum er bent á að stofnunin er ríkisstofnun sem allir landsmenn verða að hafa greiðan aðgang að. Miðbær Reykjavíkur er ekki einkaeign borgarstjóra og meirihlutans í Reykjavík. Með þessum tillögum er verið að beina umferð enn frekar inn á þrönga Geirsgötu sem er tifandi tímasprengja vegna olíuflutninga um götuna. Samkvæmt kostnaðaráætlun 1, er áætlaður kostnaður við breytingarnar 400 milljónir og er sú upphæð komin inn í fjárfestingaáætlun 2020. Þrengingarstefna meirihlutans í miðbænum/gæluverkefni og breytingar sem af henni hlýst er farin að kosta útsvarsgreiðendur milljarða á meðan grunnstoðir svelta og eru að blæða út. Síðast í gær var tilkynnt um styttingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkur.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lýsir furðu sinni á að í nýju skipulagi við Tryggvagötu á að þurrka út 40 til 50 bílastæði og með því skerða aðgengi almennings að þeim stofnunum og öðrum þjónustuaðilum sem eru við götuna, þá sérstaklega eldri borgara. Aðeins er gert ráð fyrir þremur bílastæðum fyrir fatlað fólk. Sífelld er bent á bílastæðakjallara sem Reginn rekur. Það hefur ekki verið mikið auglýst. Meirihlutinn neitar að horfast í augu við þá staðreynd að það treysta sér ekki allir í bílastæðakjallara jafnvel þótt þeir séu vel hannaðir. Bent skal á að stæðaleiga í þessum bílastæðageymslum er há og fælir borgara annarra hverfa frá að sækja í miðbæinn hvað þá að nýta sér þá þjónustu sem þar er í boði. Það er verulega leiðinlegt hvað íslendingar sem koma lengra frá og fatlað fólk er gert erfitt fyrir með aðgengi.

Helga Björk Laxdal
e.u.